

ÁRSSKÝRSLA 2011



Páll Marvin Jónsson



Höfundar af myndum í skýrslunni

Páll Marvin Jónsson

Margrét Lilja Magnúsdóttir

Georg Skæringsson

Óskar Pétur Friðriksson

Valur Bogason

Þórdís Bragadóttir

Hrafn Sævaldsson

EFNISTÖK

ÁRSSKÝRSLU

Skýrsla framkvæmdastjóra

Stjórn Þekkingarseturs Vestmannaeyja

Stofnanir innan ÞSV

Stofnaðilar ÞSV

Starfsfólk ÞSV

Hugheimar -samstarfsvettvangur

Skipurit Þekkingarseturs

Sæheimar, fiskasafn

Sagnheimar, byggðasafn

Sjávarrannsóknamiðstöð

Stofnanir innan ÞSV

Náttúrustofa Suðurlands

Hafrannsóknastofnunin

Matís ohf.

Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð

Rannsóknáþónustan, Vestmannaeyjum

Surtseyjarstofa

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands

Skýrsla

Framkvæmdastjóra

Þekkingarsetur Vestmannaeyja hóf starfsemi í janúar 2008. Starfsemin hefur verið að mótast æ síðan og segja má að með samningum við Vestmannaeyjabæ um rekstur safnanna hafi starfsemin tekið töluverðum breytingum en þó allt innan ramma stofnskrár Þekkingasetursins. Árið 2010 tók Þekkingarsetrið við rekstri Fiska- og Náttúrugripasafns Vestmannaeyja. Rekstur safnsins hefur fallið vel að starfsemi Þekkingarsetursins og hefur líkt og til stóð styrkt bæði safnið og Þekkingarsetrið. Árið 2010 var ráðist í allnokkrar breytingar á safninu og safnið markvisst kynnt á meðal almennings. Þó svo að húsnæði og aðbúnaður sé mjög takmarkandi fyrir starfsemina hefur þeirri vinnu verið haldið áfram á árinu 2011.

Í janúar 2011 tók Þekkingarsetrið einnig yfir rekstur Byggðasafns Vestmannaeyja. Safnið var lokað á þessum tíma þar sem verið var að endurhanna safnið. Endurhönnun safnsins gekk nokkuð lengra en upphaflega var ætlað og segja má að safnið hafi tekið algjörum stakkaskiptum. Í dag segir safnið sögu Vestmannaeyja ekki bara með því að varðveita og sýna gamla muni heldur með því að miðla sögunni til gesta á formi frásagna, með munum, hljóðhritunum og fjölbreyttri margmiðlunartækni. Helga Hallbergsdóttir var ráðin safnstjóri yfir safnið og tók hún við lyklum safnsins úr höndum fyrrum safnstjóra og meðhönnuði sýningarinnar, Jóhönnu Ýr, við opnun safnsins 2. júlí 2011.

Safnstjórar Sæheima og Sagnheima starfa náið með starfsfólki Þekkingarsetursins. Haldnir eru fundir með safnstjórum hálfsmánaðarlega og farið yfir verkefnastöðu og aðra þætti starfseminnar. Þessi samvinna er ennþá í þróun en undirliggjandi markmið er að efla fræða- og rannsóknastarf innan safnanna og miðla þeim upplýsingum til almennings og fræðimanna.

Samningar við Vestmannaeyjabæ um rekstur Sagnheima og Sæheima voru síðan framlengdir óbreyttir fyrir árið 2012.

Þrátt fyrir að enn sé ekki búið að ganga endanlega frá aðstöðu Sjávarrannsóknamiðstöðvarinnar er ljóst að þar mun verða þungamiðja starfsemi Þekkingarsetursins og þeirra rannsóknastofnanna sem starfa að sjávarhengdum rannsóknum. Sjávarrannsóknamiðstöðin er líkt og söfnin, Sæheimar og Sagnheimar rekin sem deild innan Þekkingarsetursins. Öll verkefni er tengjast fræðslu eða rannsóknum á lífríki sjávar, eldi, veiðum, vinnslu og framleiðslu úr sjávarafurðum falla undir sjávarrannsóknamiðstöðina. Grunn rekstur miðstöðvarinnar er tryggður í gegnum samning þSV við Menntamálaráðuneytið en stofnanir og fyrirtæki þurfa síðan að greiða fyrir notkun á aðstöðu og búnaði í gegnum þau verkefni sem nýta aðstöðuna.

Töluvert að rannsóknabúnaði er í eigu miðstöðvarinnar og má þar nefna harðbotna tuðru sem fjárfest var í, á árinu 2011 og ýmsan annan búnað sem hefur verið fjárfest í gegnum hin ýmsu verkefni. Á árinu var gerður rekstrarsamningur við Hafrannsóknastofnunina um yfirtöku á rekstri á rannsóknarbátnum Friðriki Jessyni VE. Ráðist var í töluvert viðhald á bátnum og hefur hann nýst vel í hin ýmsu verkefni. Fyrir liggur heimild í fjárlögum um að Þekkingarsetrið fái bátinn til eigna á árinu en báturinn er mikilvægur í tengslum við þá uppbyggingu á rannsóknaraðstöðu sem unnið er að við Þekkingarsetrið.

Það er ánægjulegt að segja frá því að á árinu 2011 var endurnýjaður samningur Þekkingarsetursins við Menntamálaráðuneytið. Samningurinn nær til þriggja ára og mun hann því tryggja rekstur Þekkingarsetursins til loka árs 2013. Framlag ríkis til reksturs Þekkingarsetursins var á árinu 2011 fjórtán milljónir en var fimmtán milljónir 2010. Árið 2012 hefur ríkið aftur bætt í og hækkað framlagið í fimmtán milljónir. Við endurnýjun samningsins var skerpt á ákveðnum þáttum eins og t.d. þáttum er snúa að upplýsingagjöf og aðgengi almennings að upplýsingum í gegnum heimasíðu félagsins.



Mynd 1. Við undirskrift samnings við Menntamálaráðuneytið. Arnar Sigurmundsson varaf. stjórnar þSV og Katrín Jakobsdóttir Menntamálaráðherra.

Segja má að þessa dagana sé að nást lending í framtíðarhúsnæðismál Þekkingarsetursins. Undanfarið ár hefur mikil vinna verið lögð í að finna lausn á húsnæðis- og aðstöðumálum þSV enda aðstaðan að Strandvegi 50 um nokkurt skeið haft letjandi áhrif á starfsemina. En lausn er í sjónmáli þó svo að það sé ekki búið að ganga frá öllum hnútum og er það trú mín að á næsta ársfundi þSV verður hafinn undirbúningur á flutningi þSV og stofnana þess í nýtt og glæslegt húsnæði við Strandveg 30.

Um er að ræða aðra hæð í verslunar- og lagerhúsnæði Miðstöðvarinnar, en eignin er í eigu Vestmannaeyjabæjar. Staðsetning húsnæðisins er í hjarta bæjarins á horni Bárustígs og Strandvegar. Segja má að staðsetningin við höfnina tengi Þekkingarsetrið við hafnarlífið, sjávarútvegin og vinnsluna en að Bárustígurinn færi Þekkingarsetrinu mannlíf miðbæjarins (mynd 2).

Ljóst er að ráðast þarf í miklar framkvæmdir bæði innan- og utanhúss og verður það eitt fyrsta hlutverk nýrrar stjórnar að fjalla um tilboð sem borist hafa í fjármögnun væntanlegra framkvæmda á Strandvegi 30. En fyrri stjórn hefur leitað tilboða frá viðskiptaböndkunum þremur, Íslandsbanka, Landsbanka og Arion banka og Sparisjóði Vestmannaeyja.

Þekkingarsetrið mun halda áfram að sækja fram hvort sem niðurstaða næst í húsnæðismálin eða ekki. En ljóst er að við lausn húsnæðisvandans verður boðið upp á nýja aðstöðu þar sem hægt verður að hnoða kröftum atvinnulífsins saman við hugarflug þekkingarsamfélagsins. Tilgangurinn er m.a. að stuðla að nýsköpun innann fyrirtækja og hugsanlega myndun nýrra sprota fyrirtækja sem geta nýtt sér aðstöðu og stoðkerfi Þekkingarsetursins.

Páll Marvin Jónsson
framkvæmdastjóri

STJÓRN

ÞEKINGARSETURS

Stjórn Þekkingarseturs Vestmannaeyja og formaður stjórnar var kosin á ársfundi þann 7. júlí 2011. Stjórnin skipti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum og velur sér framkvæmdastjórn sem fer með daglegan rekstur í samstarfi með framkvæmdastjóra.

Formaður: Elliði Vignisson, bæjarstjóri

Aðrir stjórnarmenn:

Anna Hjaltadóttir vinnslustjóri Vinnslust. hf.

Arnar Sigurmundsson, frkvstj., form. stjórnar Visku

Hrafn Sævaldsson, verkefnastjóri og ráðgjafi, Atvinnuþróunarfélag Suðurlands

Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar

Rögnvaldur Ólafsson, forstm. Fræðasetra Háskóla Íslands

Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís ohf.

Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri mynda framkvæmdaráð:

Elliði Vignisson

Arnar Sigurmundsson

Páll Marvin Jónsson

STOFNANIR

ÞEKINGARSETUR VESTMANNAEYJA

Eftirfarandi stofnanir störfuðu á árinu 2011 innan Þekkingarseturs Vestmannaeyja:

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands

Hafrannsóknarstofnunin

Háskóli Íslands

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Náttúrustofa Suðurlands

¹Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Rannsóknþjónusta Vestmannaeyja

Matís ohf.

Vinnumálastofnun

Viska

²Surtseyjarstofa

¹ og ²Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Surtseyjarstofa hafa aðsetur utan Þekkingarsetursins en taka annars þátt í samstarfi stofnanna innan Þekkingarsetursins. Forstöðumaður NMÍ í Vestmannaeyjum og starfsmaður Surtseyjarstofu sitja t.d. á fundum HUGHEIMA.

STOFNAÐILAR

ÞEKKINGARSETUR VESTMANNAEYJA

Að baki þekkingarsetri Vestmannaeyja standa alls 36 fyrirtæki og stofnanir sem eru skráðir stofnaðilar félagsins. Félagið er sjálfseignarfélag og er ekki rekið í hagnaðarskyni heldur er félaginu ætlað að efla og styrkja fræða- og háskólastarf í Vestmannayejum. Stofnfé félagsins er 7,7 milljónir. Hér að neðan eru stofnaðilar listaðir upp í stafrófsröð.

Bergur ehf.
Dala-Rafn ehf.
Drífandi stéttarfélag
Fjöltækniskóli Íslands
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Glitnir - banki hf.
Gæfa ehf.
Hafrannsóknastofnunin
Háskólinn á Akureyri
Háskólinn á Bifröst
Háskólinn á Hólum
Háskólinn í Reykjavík
Hitaveita Suðurnesja hf.
Hí stofnun fræðasetra
Huginn ehf.
Iðnaðarráðuneytið
Ísfélag Vestmannaeyja hf.
Kennaraháskóli Íslands
Kæja ehf.
LÍÚ
Matís ohf.
Náttúrustofa Suðurlands
Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Ós ehf.
Rannsóknþjónusta Vestmannaeyja ehf.
Reykjavíkur Akademían
Samtök Sveitarfélaga á Suðurlandi SASS
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
Sparisjóður Vestmannaeyja
Stígandi ehf.
Tölvun ehf.
Ufsaberg ehf.
Vestmannaeyjabær
Vinnslustöðin hf.
Vinnumálastofnun
Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð

Starfsfólk

Þekkingarseturs Vestmannaeyja

Alls störfuðu níu starfsmenn hjá þekkingasetrinu á árinu 2011. Af þeim eru sjö fastráðnir, og tveir verkefnaráðnir. Jóhanna Ýr Jónsdóttir starfaði sem safnstjóri á Byggðasafninu frá djanúar 2011 til 1. Júlí 2011. Hún var einnig verkefnaráðin í tengslum við uppsetninguna á sýningu Sagnheima. Helga Hallbergsdóttir tekur við af Jóhönnu Ýr sem safnstjóri í júlí 2011. Starfsfólk 2011:



Páll Marvin Jónsson
Framkvæmdastjórn



Hr. Georg Skæringsson
Umsjónarmaður- og
verkefnastjóri



Dr. Kári Bjarnason
Verkefnaráðinn



Margrét Hjálmarsdóttir
Þjónustuskrifstofa
Bókhald



Margrét Lilja Magnúsdóttir
Sæheimar, safnasvið



Hr. Haraldur Halldórsson
Tæknivinna og aðstoð



Ester Garðarsdóttir
Þjónustuskrifstofa
Þjónustufulltrúi



Helga Hallbergsdóttir
Safnstjóri Sagnheima



M.sci. Heather Philp
Verkefnaráðin

Sumarið er annasamur tími hjá þekkingasetrinu en alls voru sjö sumarstarfsmenn að störfum hjá þekkingasetrinu sumarið 2011.

- Hjörvar Gunnarsson, sjávarrannsóknamiðstöð, Sæheimar og Sagnheimar
- Jón Marvin Pálsson, sjávarrannsóknamiðstöð, Sæheimar og Sagnheimar
- Guðmundur Jónsson, sjávarrannsóknamiðstöð, Sæheimar og Sagnheimar
- Hlynur Georgsson, Sæheimar
- Örn Hilmisson, Sæheimar
- Viktoria Ayn Pethypiece, Sæheimar
- Guðný Hilmsdóttir, Sagnheimar

HUGHEIMAR

Samstarfsvettvangur

Þekkingarsetur Vestmannaeyja myndar samstarfsvettvang stofnana og fyrirtækja í rannsóknum, nýsköpun og öðru þekkingarstarfi í Vestmannaeyjum. Haldnir eru fundir með fulltrúum stofnana og fyrirtækja innan Þekkingarsetursins þar sem farið er yfir stöðu sam starfsverkefna og ný verkefni eða umssóknir ræddar.

Þrátt fyrir að markmið einstaka stofnanna innan Þekkingarseturs Vestmannaeyja geti verið ólík felast ýmsir möguleikar í samstarfi milli stofnananna og er gott samstarf forsenda þess að Þekkingarsetrið standi undir nafni sem öflugur klasi í rannsóknum og menntun í Vestmannaeyjum. Til að skerpa á samstarfinu hefur þessi samstarfsvettvangur fengið heitið Hugheimar og er hluti af stjórnskipulagi Þekkingarsetursins.

Það fyrirkomulag var sett á að Hugheimafundir eru ávalt haldnir annann fimmtudag hvers mánaðar, síðan eru sértakir verkefnafundir boðaðir þar sem samstarfsverkefni hafa verið rædd í þrengri hópum.

Kynningarfundir/opnir fundir


Í hverjum mánuði hafa stofnanir verið með kynningar á starfsemi viðkomandi stofnunar. Þessar kynningar hafa yfirleitt verið opnar almenningi og hefur það mælst mjög vel fyrir.

Skipurit

Nýtt skipurit var síðan tekið í notkun og samþykkt í stjórn Þekkingarseturs Vestmannaeyja 8. febrúar 2010 (Sjá mynd). ÞSV og sýnir myndin hér að neðan Hvaða breytingar skipuritið fær með tilkomu Sagnheima. Þekkingarsetur Vestmannaeyja hefur ekkert stjórnunarlegt vald yfir þeim stofnunum og fyrirtækjum sem taka þátt í Hugheimum.

SKIPURIT

ÞEKKINGARSETUR



Starfsfólk Sæheima

Margrét Lilja Magnúsdóttir safnstjóri
Georg Skæringsson umsjónarmaður

Aðrir starfsmenn í sumarvinnu við vörslu og
afgreiðslu voru:

Örn Hilmisson, Hlynur

Georgsson, Guðný Hilmisdóttir og Viktoria Ayn

Pethypiece. Auk þeirra voru Jón Marvin Pálsson, Hjörvar Gunnarsson og Guðmundur í ýmsum verkefnum.



Gestir:

Alls komu 11.114 gestir á Fiska og náttúrugripasafn Sæheima árið 2011. Þar af voru fullorðnir gestir 6.305 talsins en börnin 4.809.

Opnunartími

Sumaropnunartími safnsins frá 16. maí til 15. september er kl. 11:00 til 17:00, alla daga vikunnar. Yfir vetrartímann frá 16. September til 15. maí er safnið opið á laugardögum kl. 13:00 til 16:00. Á öðrum tímum er safnið opið eftir samkomulagi.

Aðgangseyrir

Aðgangseyrir inn á safnið er 500 krónur fyrir 15 ára og eldi. Eldriborgarar og öryrkjar greiða sama verð og aðrir.

Sýningar

Fastar sýningar

Aðaláhersla safnsins er sýning á lifandi fiskum og öðrum sjávarlífverum. Á safninu eru tólf sjóker þar sem finnast helstu nytjategundir Hér við land auk fágætari tegunda. Um 30 metra djúp borhola er utan við safnið og daglega er dælt upp úr henni mörg þúsund lítrum af sjó og er því stöðugt gegnumstreymi af hreinum sjó í búrum safnsins. Einnig eru á safninu fuglasafn, steinasafn, skordýrasafn, skeljasafn og eggjasafn auk ýmissa náttúrugripa.

Sérsýningar

Auk hinna hefðbundnu sýninga á safninu eru þar tvær sérsýningar. Önnur fjallar um sambýli manns og lunda en hin segir frá Surtseyjargosinu, sem hófst árið 1963. Auk þessara sýninga eru myndir af lækningajurtum í Flóru Vestmannaeyja í stigagangi safnsins. Árið 2011 var sett upp sýning um Safnahelgi Suðurlands þar sem Jón Baldur Hlíðberg myndlistamaður sýndi myndir sínar af fiskum, kröbbum og ýmsum kynjaskepnum. Auk sýninganna voru fluttir fyrirlestrar á safninu. Á degi íslenskrar náttúru þann 16. september flutti Dr. Erpur S. Hansen fyrirlestur um lundamannatal Árna Árnasonar símritara í Vestmannaeyjum. Þann 11. nóvember var hádegisfyrirlestur þar sem Margrét Lilja Magnúsdóttir safnstjóri sagði frá rannsóknastarfi þeirra Kristjáns Egilssonar og Gísla Óslarssonar á safninu í gegnum tíðina.



Safnabúð

Lítill safnabúð er rekin í afgreiðslu safnsins. Hún er smá í sniðum en hefur ágætt úrval minjagripa sem tengjast flestir náttúru Eyjanna en lundinn er þar mest áberandi.

Fræðslustarf

Skólahópar

Fjöldi skólahópa kemur árlega á safnið. Sterk hefð er fyrir því að skólarnir í Vestmannaeyjum komi með nemendur sína á safnið til fróðleiks og skemmtunar. Börnin leysa ýmis verkefni í sem sniðin eru að hverju aldurs skeiði fyrir sig. Einnig hefur safnið verið í samvinnu við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum þar sem nemendur við skólann fá að nota safnið til rannsókna og verkefnavinnu.

Fræðsluefni á heimasíðu

Unnið er að fræðsluefni fyrir börn á grunnskólaaldri þar sem Aðalnámsskrá Grunnskóla í náttúrufræði er höfð að leiðarljósi. Þar verður aðaláherslan lögð á lífið í sjónum við Ísland. Þetta fræðsluefni verður aðgengilegt á heimasíðu safnsins www.saeheimar.is og nýtist til kennslu í náttúrufræði hjá öllum grunnskólum landsins.

Styrkir

Styrkir frá Safnaráði

Safnið hlaut 500.000 króna rekstrarstyrk frá Safnaráði. Styrkurinn var notaður í almennan rekstur safnsins. Safnið hlaut einnig 200.000 króna styrk til verkefnisins „Flóra Vestmannaeyja og 200.000 krónur í verkefnið „Fræðsluvefur Sæheima“.

Styrkir frá Menningarráði Suðurlands

Menningarráð Suðurlands veitti safninu 200.000 króna styrk vegna sýningahalds um Safnahelgi Suðurlands.

Gjafir til safnsins

Eins og áður komu sjómenn færandi hendi. Bæði komu þeir með lifandi fiska og önnur sjávardýr og einnig með furðufiska til uppstoppunar. Bæjarbúar koma einnig á safnið með óvenjuleg dýr sem þeir finna og dýr sem eru slösuð eða hjálparþurfi. Árið 2011 var m.a. komið með tannkrabba, gaffalkrabba, haftyrdíl, hettusöngvara, eyruglu og varmasmið sem allt eru mjög sjaldgæfar tegundir hjá okkur.



SAGNHEIMAR

byggðasafn



Starfsmenn:

Helga Hallbergsdóttir tók við safnstjórstöðu 1. júlí 2011 af Jóhönnu Ýri Jónsdóttur. Einnig starfa við safnið Georg Skær-ingsson tæknistjóri og Páll Marvin Jónsson framkvæmdastjóri. Í sumarvinnu og við afleysingar voru Guðmundur Jónsson, Hjörvar Gunnarsson, Guðný Hilmisdóttir, Guðbjörg Sigurgeirsdóttir, Stefán Gíslason og Vilhelm G. Kristinsson auk þess sem Þorkell Sigurjónsson aðstoðar við greiningu og merkingu muna í geymslu.

Breytingar á rekstri safnsins

Vestmannaeyjabær og Þekkingarsetur Vestmannaeyja gerðu með sér verksamning um rekstur Byggðasafns Vestmannaeyja frá 1. janúar 2011. Páll Marvin Jónsson framkvæmdastjóri Þekkingarseturs Vestmannaeyja er nú yfirmaður safnsins en Menningar- og fræðsluráð Vestmannaeyja fer með faglega stjórnun. Nafni safnsins var breytt úr Byggða-safni Vestmannaeyja í Sagnheimar, byggðasafn og merki safnsins breytt í samræmi við það.

Gestir

Safnið var lokað frá 15. september 2011 til 1. júlí 2011 vegna breytinga og endurhönnunar sýningarsvæðis. Gestir frá opnun til ársloka voru 3.502.

Opnunartími

Þar sem safnið opnaði ekki fyrr en 2. júlí, var ákveðið að hafa sumaropnunartíma til 1. október að þessu sinni. Opið var alla daga vikunnar frá klukkan 11:00 – 17:00. Frá 2. október var síðan opið á laugardögum frá klukkan 13:00 – 16:00 og eftir samkomulagi.

Aðgangseyrir

Aðgangseyrir inn á safnið er 1.000 krónur fyrir 15 ára og eldri, eldri borgarar og öryrkjar borga 600 krónur en frítt er fyrir börn. Hópar (10+) borga 600 krónur á mann.



SJÁVARRANNSÓKNAMIÐSTÖÐIN

Sæheimar

Georg Skæringsson hafði umsjón með búnaði, sjódælingu og var skipstjóri á rannsóknarbátnum friðriki Jessyni. Þrátt fyrir að Sjávarrannsóknamiðstöðin sé ekki enn komin í varanlegt húsnæði var mikil starfsemi á árinu.

Gerður var samningur við Hafrannsóknastofnunina um rekstur rannsóknabátsins Friðrik Jesson en samkvæmt heimild á fjárlögum, er áætlað að báturinn verði afhentur Þekkingasetrinu á árinu 2012.

Alls voru farnir tólf rannsóknarferðir fyrir veiðar og meðhöndlun á lifandi humri. Einnig voru farnar fimm ferðir fyrir rannsóknir á slógi við brotkast úr skipum í samstafi við Matís. Farnar voru fjölmargar ferðir með rannsóknarmenn Náttúrustofu Suðurlands út í Ystaklett og hinar ýmsu úteyjar. Hér var fyrst og fremst um að ræða leiðangra sem beindust að rannsóknum á fari skrofunnar og varpárangur og stofnstærðarmat á lunda. Einnig voru farnir hefðbundnir leiðangra í tengslum við mælingar á hitastigi sjávar.

Eitt stærsta verkefni sjávarrannsóknamiðstöðvarinnar var geymsla og meðhöndlun á lifandi humri. Verkefnið var unnið í samstarfi við Vinnslustöð Vestmannaeyja og var verkefnið unnið af Heather Philips, sem jafnframt vann þar að doktorsverkefni sínu við Háskóla Íslands. Það verkefni sem fékk mestu fjölmiðlaathyglinu var hinsvegar úthafsselskópurinn Golla sem var alinn upp í sjávarrannsóknamiðstöðinni í samstarfi við Sæheima, fiskasafn. Selunum var síðan veitt frelsi að viðstöddum fjölmiðlum og fjölmörgum áhugasömum velunnurum selkópsins.

Á árinu var unnið að því að endurmennta kafara í þeim tilgangi að annast rannsóknarköfun og kennslu fyrir verkefnið ISDIVE. Áætlað er að bjóða upp á rannsóknatengt köfunarnám þar sem tvinnuð verður saman almennri köfunarkennslu og námi í sjávarlíffræði. Framkvæmdastjóri ÞSV og verkstjóri og umsjónarmaður sjávarrannsóknamiðstöðvarinnar hafa nú báðir réttindi til að kenna köfun og skyndihjálp.



Komið með humar að landi, og humar geymdur í sjávarrannsóknamiðstöð.



Selnum Golla veitt frelsi og blóðsýni tekið úr humri.

Fastar sýningar

Lögð er megináhersla á sérkenni eyjanna svo sem sjómennsku, fiskveiðar, bjargveiðar, Heimaeyjargosið, Tyrkjaránið, þjóðhátíðina, íþróttir, sögu herfylkingar Vestmannaeyja, vestmannaeyskra kvenna, íslenskra mormóna og ævintýri og afrek Páls Steingrímssonar kvikmyndatökumanns eiga líka sitt fasta svæði.

Sérsýningar

Tvær ljósmyndasýningar hafa verið uppi frá opnun safnsins. Önnur er úr eigu Árna símritara frá fyrri hluta 20. aldar og hin segir frá Gottuleiðangrinum til Grænlands árið 1929. Sýningin Oddgeir Kristjánsson. Minningin lifir var síðan opnuð 5. nóvember og stóð fram til 9. janúar 2012. Auk þess tekur safnið þátt í samsýningum Safnahúss í Einarstofu

Viðburðir

Sagnheimar taka virkan þátt í hátíðum


bæjarfélagsins og leitast við, ýmist sjálfir eða í samstarfi við aðra, að minna á merka atburði eða einstaklinga úr sögu Vestmannaeyja. Af viðburðum og málþingum ársins 2011 má nefna:

- Einar Sigurðsson, athafnarmaður (1906 – 1977).
- Fjárjóður á Heimaslóð. Þorsteinn Þ. Víglundsson.
- Vestmannaeyskir mormónar.
- 384 ár frá Tyrkjaráni.
- Haraldarvaka. Haraldur Guðnason.
- Oddgeir Kristjánsson. Minningin lifir.
- Ratleikur jólakattarins á aðventu.

Heimasíða

Heimasíðan, www.sagnheimar.is, hefur verið opnuð en er enn í vinnslu.





NÁTTÚRUSTOFA SUÐURLANDS

Starfsmenn:

Ingvar Atli Sigurðsson, forstöðumaður

Erpur Snær Hansen, sviðsstjóri vistfræðirannsókna

Náttúrustofa Suðurlands er ein af sjö náttúrustofum sem reknar eru af sveitarfélögum með stuðningi frá ríkinu. Náttúrustofa Suðurlands var stofnuð árið 1996 og starfar hún samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (lög nr. 60 frá 1992), reglugerð um skipulag og starfsemi Náttúrustofu Suðurlands í Vestmannaeyjum (reglugerð 643/1995) og samningi milli Vestmannaeyjabæjar og umhverfisráðuneytisins um rekstur Náttúrustofu Suðurlands frá desember 2002.

Meðal þeirra verkefna sem unnið var að má nefna:

Ábúðarhlutfall og varpárangur lunda umhverfis Ísland.

Afkoma lunda í Vestmannaeyjum með tilliti til aldurs.

Berghlaupið í Morsárdal.

Farhættir skrofa.

Berg- og jarðefnafræði Heimaeyjar.


Nánari upplýsingar um þessi og önnur verkefni Náttúrustofu Suðurlands er að finna á heimasíðu stofunnar:

www.nattsud.is

Þar er meðal annars að finna allar ársskýrslur stofunnar: <http://www.nattsud.is/arsskyrslur/>.



Myndir . Haldið heim eftir tveggja daga úthald við merkingar á storm- og sjósvölum (vinstri). Rannsóknir á farleiðum skrofunnar hafa staðið yfir frá árinu 2007, hér er Invar Atli að meðhöndla skrofu í Ystakletti (hægri).



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN ÚTIBÚ VESTMANNAEYJUM

Starfsmenn: Valur Bogason útibússtjóri, Leifur Gunnarsson rannsóknarmaður / skipstjóri



Hafrannsóknastofnunin hefur þrífætt hlutverk, að stunda rannsóknir á hafinu og lífríki þess, að veita ráðgjöf til stjórnvalda um sjálfbæra nýtingu á auðlindum hafsins, að miðla upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og almennings. Útibúin gegna síðan þýðingarmiklu hlutverki við gagnasöfnun og til þess að afla almennra upplýsinga um gang veiða í hinum ýmsu landshlutum og auka tengsl stofnunarinnar við sjávarútveginn. Í almennri starfsemi útibúsins er sýnataka úr lönduðum afla veigamikill þáttur. Þessi sýnataka er mikilvægur þáttur í stofnmati og felst hún í því að safna m.a. upplýsingum um aldurs-, lengdar- og þyngdarsamsetningu hjá hinum ýmsu nytjastofnum. Fjöldi sýna sem tekinn er af bolfiski ræðst af lönduðum afla í hverri tegund og gerð veiðarfæris. Einnig voru sýni tekin fyrir mengunarmælingar í þangi, tekið var á móti merktum fiski o.fl. Starfsmenn tóku þátt í ýmsum rannsóknaleiðöngrum á vegum stofnunarinnar á árinu.

Rannsóknarverkefni:

Stofnmæling (vöktun) á marsíli við Ísland

Þetta verkefni er rekið frá útibúinu og hófst vöktun á síli árið 2006. Markmið þess er að meta breytingar í stofnstærð sílis og afla upplýsinga um árgangastyrk og nýliðun í tegund sem er mikilvæg fæða nytjafiska, hvala og sjófugla. Farið var í tíu daga leiðangur í júlí á Dröfn ER 35 og síli kannað á svæðinu frá Breiðafirði að Ingólfshöfða.

Stofnmæling með netum (SMN)

Verkefnistjórn þessa verkefnis er í höndum útibússtjóra og tóku 6 bátar þátt í netaralli stofnunarinnar. Það fór fram á tímabilinu 1 apríl til 20 apríl. Markmið verkefnisins er að safna upplýsingum um aldurs- og lengdar-/þyngdasamsetningu, kynþroska og vöxt hrygnandi þorsks, á helstu hrygninarsvæðum hans. Einnig að meta árlega magn kynþroska þorsks er fæst í þorskanet á hrygningarstöðvum og breytingar í gengd hrygningarþorsks á mismunandi svæðum.

Fæðurannsóknir


Haldið var áfram samstarfi við sjómenn og fæðusýnum var safnað úr þorsk, ýsu og ufsa. Verkefnið er samstarfsverkefni útibúa stofnunarinnar og er ætlunin með þessu verkefni að afla frekari upplýsinga um fæðu þorsks, ýsu og ufsa og reyna að fylla upp í eyður sem hafa verið í söfnun fæðusýna.

Erindi, Fundir; Ritgerðir (skýrslur):

Valur Bogason (2011) Rannsóknir á sandsíli; Staðan í dag. Málþing um niðurstöður lunda- og sandsílarannsókna við Ísland. Vestmannaeyjum 13. maí.

Valur Bogason, Vilhjálmur Þorsteinsson, Ólafur Karvel Pálsson, Ásta Guðmundsdóttir, Höskuldur Björnsson (2011) Handbók um stofnmælingu hrygningarþorsks með þorskanetum (SMN) 2011. Hafrannsóknastofnunin, 27 s (fjölrit).

Valur Bogason, Kristján Lilliendahl. 2011. Handbók um stofnmælingu (vöktun) á marsíli við Ísland 2011. Hafrannsóknastofnunin, 25 s (fjölrit).



Starfsmaður: Ragnheiður Sveinþórsdóttir



Áhersla er lögð á sjávarútvegstengd verkefni hjá Matís í Vestmannaeyjum, enda ein helsta verstöð landsins og öflug fyrirtæki í sjávarútvegi hér, bæði hvað varðar veiðar og vinnslu sjávarafurða. Verkefni starfsstöðvarinnar með fyrirtækjum hafa bæði snúist um vinnslutækni, nýjungar og þróun í veiðum og meðferð afla.

Dæmi um þetta eru veiðar og vinnsla makrils og gulldeplu, hvort tveggja fisktegundir sem nýlega hafa fengist í verulegu magni við Íslandsstrendur. Vegna nálægðar við miðin hafa útgerðaraðilar í Vestmannaeyjum verið áhugasamir um að nýta þessar tegundir og liður í því ferli hefur verið þátttaka í verkefnum með starfsstöð Matís. Í sumum tilfellum kemur frumkvæði að verkefninu frá sjávarútvegsfyrirtækjunum en í öðrum tilfellum ýtir Matís þeim úr vör að eigin frumkvæði. Öll eiga þessi verkefni sammerkt að hafa að markmiði aukna nýtingu sjávarafla og verðmætasköpun.



Viska

FRÆÐSLU- OG SÍMENNTUNARMÍÐSTÖÐ



Fræðslu- og
símenntunarmiðstöð



Starfsmenn: Valgerður Guðjónsdóttir, forstöðumaður
Sólrún Bergþórsdóttir náms- og starfsráðgjafi/verkefnastjóri
Dóra Guðrún Þórarinsdóttir, verkefnaráðin.

Viska er ein af fjölmörgum símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni og var stofnuð í janúar 2003. Markmiðið með VISKU, Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar í Vestmannaeyjum er að:

- Efla og styrkja atvinnulíf í Vestmannaeyjum með símenntun
- Bæta aðgengi að símenntun og auka með því búsetugæði í Eyjum
- Færa menntunarmöguleika nær heimabyggð fólks
- Hafa forgöngu um fræðslu og fjarkennslu á sem flestum sviðum
- Hvetja til aukinnar símenntunar
- Hækka menntunarstig á landsbyggðinn

RANNSÓKNAÞJÓNUSTAN Vestmannaeyjum



Starfsmenn: Sigmar Valur Hjartarson

Rannsóknafélagið, Vm. ehf er alhliða rannsóknastofa sem býður upp á prófanir, ráðgjöf og þjónustu við sjávarútveginn og matvælafyrirtæki. Fyrirtækið tekur einnig virkan þátt í rannsóknum með fyrirtækjum og stofnunum í Eyjum.



Fyrirtækið býður upp á allar almennar efnamælingar á matvælum og fóðurvörum s.s. fitu, vatn, protein, salt, ammóníak, ösku og fleira sem viðskiptavinir hafa þörf fyrir. Einnig hefur fyrirtækið aðstoðað framleiðendur við mælingu á næringar- og orkuinnihaldi matvæla vegna merkinga á umbúðir.

Örverumælingar eru einnig snar þáttur í starfseminni og er boðið upp á allar algengustu mælingar á örverum, bæði í matvælum sem og vatni og sjó. Annað svið sem fyrirtækið hefur tekið þátt í að halda sérhæfð námskeið fyrir fyrirtæki í matvælaíðnaði. Þar má sérstaklega benda á námskeið um hreinlæti og þrif, sérhæfð námskeið fyrir starfsmenn fiskimjölsverksmiðja og námskeið um meðferð afla um borð í fiskiskipum. Þá hefur einnig verið boðið upp á ýmskonar ráðgjöf fyrir matvælafyrirtæki og má þar sérstaklega nefna hreinlætisúttektir og næringarefnamerkingar matvæla. Rannsóknafélagið hefur einnig tekið beinan og óbeinann þátt í ýmsum rannsóknarverkefnum með öðrum stofnunum í þekkingarsetrinu.

UMHVERFISSTOFNUN SURTSEYJARSTOFA



Starfsmenn árið 2011:

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

Vilborg Þorsteinsdóttir (sumarstarfsmaður)


María Guðjónsdóttir (sumarstarfsmaður)



Surtseyjarstofa er gestastofa fyrir friðlandið Surtsey og hýsir jafnframt skrifstofu Umhverfisstofnunar í Vestmannaeyjum og sýningu um friðlandið. Gestastofan var opnuð þann 2. júlí 2010 að Heiðarvegi 1 í Vestmannaeyjum. Á gestastofunni er að finna margvíslegan fróðleik um friðlandið Surtsey og þær rannsóknir sem þar hafa farið fram. Surtseyjarsýningin er opin alla daga frá 16. maí til 15. september ár hvert milli kl. 11:00 og 17:00 og yfir veturinn milli kl. 13:00 og 16:00 á Laugardögum.

Surtseyjarsýningin er byggð á sýningu Náttúrufræðistofnunar Íslands sem sett var upp í Þjóðmenningarhúsinu í tilefni af 40 ár goslokaafmæli Surtseyjar og tilnefningu hennar til heimsminjaskrár UNESCO. Á sýningunni eru niðurstöður vísindamanna sem unnið hafa að rannsóknar og vöktunarverkefnum í friðlandinu settar fram á skýran máta með aðstoð nýjustu tækni í margmiðlun.

Surtseyjarsýningin er lifandi sýning þar sem vísindamenn bæta við þekkingarbankann eftir því sem árin líða. Jafnframt reyna vísindamenn að spá fyrir hvernig þróun eyjarinnar verði næstu áratugina. Með tilkomu Surtseyjarstofu gefst innlendum og erlendum ferðamönnum tækifæri til að kynnst einstöku náttúrufari Surtseyjar, myndunarsögu hennar og þeim rannsóknum sem þar fara fram. Er það von Umhverfisstofnunar að gestir Surtseyjarstofu eigi eftir að njóta heimsóknarinnar og fara þaðan margs vísari um sérstöðu þessarara einstöku náttúruperlu sem okkur ber að vernda.



Myndir teknar í Surtsey



Heilbrigðiseftirlit SUÐURLANDS



Starfsmenn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands árið 2011:

- Elsa Ingjaldsdóttir, framkvæmdastjóri,
- Birgir Þórðarson, sviðsstjóri umhverfis- og mengunarvarnasviðs,
- Sigrún Guðmundsdóttir, sviðsstjóri matvælasviðs,
- Áslaug Rut Áslaugsdóttir, heilbrigðisfulltrúi Vm.,
- María Berg Guðnadóttir, heilbrigðisfulltrúi



Heilbrigðiseftirlit Suðurlands starfar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Eftirlitssvæðið nær frá Sandskeiði í vestri til Skeiðarársands í austri, Vestmannaeyja í suðri og inn á miðhálandið. Helstu verkefni Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er reglubundið eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum, starfsleyfisveitingar og tilfallandi eftirlit með ýmis konar starfsemi, Eftirlit og rannsóknir á neysluvatni, neysluvörum, fráveitu, húsnæðisúttektir og skipaskoðanir m.t.t. sóttvarna er einnig í höndum heilbrigðiseftirlitsins í samvinnu við viðkomandi fyrirtæki, sveitarfélög, Matvælastofnun og Umhverfisstofnun.

Heilbrigðiseftirlitið skiptir sínum málaflokkum í þrjú svið: Matvælasvið, hollustuháttasvið og umhverfis- og mengunarsvið.

- Á sviði matvæla eru fyrirtæki eins og pökkun garðávaxta, vatnsveitur, kjötvinnslur, mjólkurbú, bakarí, matvöruverslanir, söluturnar, og svokölluð stórelldhús sem eru t.d. á veitingastöðum, mótuneytum, hótelum og í skólum. Skoðun og sýnataka úr vatnsbólum hefur verið fyrirferðamikil á sviði matvæla nú á síðustu árum en vatnsgæði almennings og á búum er nauðsynlegur.
- Á sviði hollustuhátta eru m.a. eftirlit með gistingu, samkomuhúsum, íþróttahúsum, sundlaugum, hárgreiðslu- og snyrtistofum, dvalarheimilum, fangelsum, heilbrigðisstofnunum og ýmskonar menntastofnunum, auk annars eftirlits. Mörg af þeim fyrirtækjum sem að falla undir holluháttasvið, þá sérstaklega ferðaþjónustufyrirtæki, eru eingöngu opin yfir sumartímann og er því af nógu að taka á yfir sumarmánuðina. Það sem einkennir sumrin eru t.a.m. stórar útisamkomur af ýmsum toga. Einnig hefur færst í vöxt beiðnir um skoðun á íbúðarhúsnæði hjá heilbrigðiseftirlitinu þar sem metið er hvort húsnæði er t.d. heilsuspillandi.
- Undir umhverfis- og mengunarvarnasvið fellur eftirlit og veiting starfsleyfa vegna fyrirtækja eins og verkstæða, bensín- og olíuafgreiðslustöðva, gámostöðva, margvíslegra framleiðslustaða, fiskvinnsla, sláturhúsa, hreinsistöðva fráveitumannvirkja o.fl. auk hins almenna umhverfiseftirlits og umsagna um margvíslega þætti m.a. skipulagsmál og umhverfismat vegna framkvæmda.

NÝSKÖPUNARMÍÐSTÖÐ ÍSLANDS

Vestmannaeyjum



Starfsmaður: Frosti Gíslason



Hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að hvetja til nýsköpunar og efla framgang nýrra hugmynda í íslensku atvinnulífi. Nýsköpun er forsenda fyrir fjölbreytni íslensks atvinnulífs og undirstaða sterkra samkeppnisstöðu þess. Nýsköpunarmiðstöð Íslands heyrir undir lðnaðarráðuneytið og starfar eftir lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun (nr. 75/2007). Forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar er prófessor Þorsteinn Ingi Sigfússon.

ATVINNUPRÓUNARFÉLAG SUÐURLANDS



Starfsmaður í Vestmannaeyjum: Hrafn Sævaldsson



Atvinnuþróunarfélag Suðurlands (APS) opnaði útibú í Vestmannaeyjum í apríl 2006, þegar Vestmannaeyjabær gekk inn í félagið. Hrafn Sævaldsson hefur verið eini starfsmaður félagsins í Vestmannaeyjum frá stofnun. Fjöldi starfsmanna APS á Suðurlandi er að jafnaði 4.

Hlutverk félagsins er að styðja við verkefni sem leiða til eflingar atvinnulífs á Suðurlandi. Til að rækta hlutverk sitt veitir félagið ráðgjöf og fjárhagslega styrki til áhugaverðra verkefna. Jafnframt hefur félagið frumkvæði að því að skilgreina og leita að nýjum atvinnutækifærum. Félagið rækir hlutverk sitt í samstarfi við einstaklinga, fyrirtæki, félagasamtök, önnur innlend atvinnuþróunarfélög, opinbera aðila og erlenda aðila á sviði skipulags- og atvinnumála.

Félagið leggur áherslu á vöxt og arðsaman rekstur, traust fyrirkomu lag við stjórnun, úrvals starfsmenn sem hafa áhuga, frumkvæði og fá nægjanlega starfshvatningu til að veita viðskiptavinum félagsins og samfélaginu fyrirmyndar þjónustu.

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands leggur áherslu á, að í öllum sam skiptum sínum við viðskiptavini verði gætt fyllsta trúnaðar.

Höfuðmarkmið Atvinnuþróunarfélags Suðurlands er að efla atvinnulíf á Suðurlandi og stuðla þannig að aukinni hagsæld á svæðinu með aðstoð við einstaklinga, fyrirtæki, félagasamtök, sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila í formi fjármagns og ráðgjafar.

Félagið skal jafnframt hafa frumkvæði og vera leiðandi í að upplýsa, kynna og aðstoða aðila á svæðinu við nýsköpun, nýjungar í rekstri og nýjungar í stjórnun fyrirtækja.

APS aðstoðar fyrirtæki og einstaklinga í atvinnuskapandi verkefnum á svæðinu. Hvort sem um er að ræða viðbót við núverandi rekstur, stofnun fyrirtækis eða nýsköpunarverkefni. Starfsmenn félagsins geta veitt aðstoð við: Alþjóðlegt samstarf - Að koma á samstarfi og samvinnu - Aðstoð við kaup og sölu á fyrirtækjum - Arðsemiskannanir - Erlend samskipti - Faglegan samanburð - Fjárhagslega endurskiplagningu - Fjármögnun - Greiningarvinnu - Gæðamál - Hagkvæmniathuganir - Hlutfjárúakningu - Kostnaðaráætlanir - Kynningar - Markaðsvinnu - Lánaumsóknir - Veitt handleiðslu um hvar er hægt að fá aðstoð, bæði fjárhagslega og tæknilega frá stoðkerfum atvinnulífsins - Námskeiðahald - Nýsköpun - Ráðstefnur - Rannsóknarverkefni - Rekstaráætlanir - Sjóðaumsóknir - Stefnumótun - Miðlun upplýsinga - Myndun og mótun tengslaneta og klasa - Styrksumsóknir - Upplýsingaöflun - Upplýsingagjöf - Verkefnisstjórnun - Véla-og tækjakaup - Viðskiptaáætlanir - Vöruþróun - Vörustjórnun - Þróunhugmynda. Svo fátt eitt sé talið.

APS er framkvæmdaaðili Vaxtarsamnings Suðurlands, sjá nánar á www.sudur.is auk þess sem það veitir Eignarhaldsfélagi Suðurlands forstöðu, sjá nánar á www.efs.is Starfsmaður félagsins í Vestmannaeyjum hefur unnið að 60 – 100 skilgreindum verkefnum ár hvert. Félagið hefur ekki upplýst um einstök verkefni sem það vinnur að, til að gæta trúnaðar við viðskiptavinum sína, en mikil vinna hefur farið í verkefni tengd sjávarútvegi, samgöngum og ferðþjónustu.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu félagsins
www.sudur.is








ÞEKINGARSETUR
VESTMANNAEYJA
rannsóknir - menntun - nýsköpun

Vestmannaeyjar 21. maí 2012



Páll Marvin Jónsson
Framkvæmdastjóri